

Alþingi - nefndasvið  
Umhverfis- og samgöngunefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

Fjarðabyggð 3.mái 2018  
Mál 1804108

Umsögn Fjarðabyggðar um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða – 425. mál

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar vísar til fyrri umsagna til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, sbr. umsögn sveitarfélagsins frá 23. júní 2017, 15. desember 2016 og bréf framkvæmdastjóra tólf sveitarfélaga á Austfjörðum og Vestfjörðum, dagsett 26 .apríl 2017, vegna fyrri frumvarpa sem flutt hafa verið á Alþingi um skipulag haf- og strandsvæða.

Ekki hafa orðið þær breytingar með nýju frumvarpi, sem nú liggur fyrir, að það breyti þeirri grundvallarafstöðu sveitarfélagsins, að forræði sveitarfélaga í skipulagi strandsvæða innan einnar sjómílu frá landgrunni verði tryggt.

Tekið er undir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga vegna frumvarpsins, að öðru leyti en því að sveitarfélagið Fjarðabyggð telur að ekki sé gengið nægjanlega langt í umsögninni varðandi skipulagsskyldu sveitarfélaga á strandsvæðum.

Óskað er eftir fundi með umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til þess að fylgja umsögnum um frumvarpið eftir.

Virðingarfyllst,



Páll Björgvin Guðmundsson  
bæjarstjóri Fjarðabyggðar

*Afrit sent umhverfis- og auðlindaráðherra og þingmönnum Norðausturkjördæmis.*





Alþingi  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Fjarðabyggð, 23. júní 2017  
Tilvísun 1705137/13.0

### Umsögn um frumvarp um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis til Fjarðabyggðar, dags. 16. maí 2017, þar sem óskað er eftir umsögnum um ofangreint frumvarp.

#### Almennt um frumvarpið

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar fagnar því að skipulagsskylda fyrir haf- og strandsvæði verði leidd í lög. Aukin starfsemi á haf- og strandsvæðum og vaxandi spurn eftir athafnasvæðum vegna m.a. fiskeldis, ferðapjónustu og efnistöku, sýnir fram á nauðsyn þess að skipulagsáætlanir verði gerðar vegna nýtingar og verndar á auðlindum haf- og strandsvæða. Þá sýnir reynsla annarra þjóða, sem og reynsla af gerð nýtingaráætlana hér á landi, að áætlanagerð í skipulagi getur komið í veg fyrir vandmeðfarna hagsmunaáreksta á strandsvæðum.

Bæjarstjórn er að þessu leyti efnislega sammála frumvarpinu og vissulega er þörf á lagsetningu brýn, eins og víða hefur komið fram. Hlutaðeigandi aðilar hljóta þó að vera sammála um að enda þótt málið sé brýnt, megi það ekki koma niður á gæðum lagasetningarinnar. Í húfi eru grundvallarmál sem varða verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, framkvæmd nálægðarreglunnar, sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og lýðræðislegar forsendur stjórnsýsluákvæðana í skipulagsmálum, svo að það helsta sé nefnt.

Gerð hefur verið ítarleg grein fyrir afstöðu bæjarstjórnar í umsögn til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis um frumvarpið sem drög, dags. 15. des. 2016. Um afstöðu til frumvarpsins vísar bæjarstjórn einnig á bréf framkvæmdastjóra tólf sveitarfélaga á Austfjörðum og Vestfjörðum, dags. 26. apríl 2017.

Bæjarstjórn hvetur umhverfis- og auðlindanefnd, að kynna sér vel efni og rök umsagnarinnar og bréf framkvæmdastjóra sveitarfélaganna.

Þar eð almenn sátt ríkir um markmið og tilgang frumvarpsins, steytir fyrst og fremst á framkvæmd svæðisskipulagsgerðarinnar.

Í 5. tl. 3. gr. segir að strandsvæðaskipulag nái frá ytri mörkum netalaga. Í því felst sú fordæmalaus staða að firðir og flóar verða slitnir úr samhengi við þá skipulagsheild, sem þeir hafa frá fornu fari myndað með fastlandinu í kring. Bæjarstjórn Fjarðabyggðar bindur vonir við að sátt náist um þá málamiðlun, að völdum sveitarfélögum verði veitt tímabundið forræði yfir strandsvæðisskipulagi sem þau eiga hluta að, jafnvel þó að svæðisráð verði starfandi samhliða. Gefi slík tilraun góða raun, verði umhverfis- og auðlindaráðherra falið að gera tilsvarendi breytingar á lögum um skipulag strand- og hafsvæða. Sveitarfélög á Austfjörðum og Vestfjörðum liggja sennilega best við slíkri tilraun, enda hefur veruleg umræða farið fram í þeim landshlutum um svæðisskipulagsmál, auk þess sem góð reynsla er komin á verkferla og áætlanagerð í skipulagsmálum. Nefna má í þessu sambandi, að á



næstunni verður hafin vinna vegna nýtingaráætlunar á vegum Fjarðabyggðar og því gæti tilraun sem þessi átt góða samleið með þeirri áætlanagerð.

Í 5. mgr. 5. gr. segir að samþykki meirihluta fulltrúa í svæðisráði þurfi til að skipulag í afgreiðslu teljist samþykkt af viðkomandi svæðisráði. Þessi tilhögun gefur frumvarpinu það yfirbragð, að störf svæðisráða fari ekki fram á jafnræðisgrundvelli. Telur bæjarstjórn að það sé afar óheppilegt og raunar með öllu óeðlilegt með tilliti til þeirra staðbundnu hagsmuna sem fulltrúar sveitarfélaga eiga að tryggja með setu sinni í svæðisráði, eins og Samband íslenskra sveitarfélaga hefur bent á. Bæjarstjórn bendir þó á, að hljóti ofangreind málamiðlunartillaga brautargengi gæti endurskoðun á ákvæðum frumvarpsins um svæðisráð þolað nokkra bið eða allt þar til niðurstaða úr því tilraunaverkefni liggur fyrir.

Í ákvæði frumvarpsins til bráðabirgða er kveðið á um að hafin verði vinna við gerð strandsvæðaskipulags á Vestfjörðum og skal ráðherra skipa svæðisráð eigi síðar en 1. janúar 2018. Bæjarstjórn þykir rétt að ítreka ábendingar um að sveitarfélög á Austfjörðum kalla eindregið eftir því að vinna við gerð strandsvæðaskipulags hefjist sem allra fyrst á þeim svæðum sem eru undir mestri ásókn vegna fiskeldis.

Þá er 10. mgr. 18. gr. frumvarpsins harðlega mótmælt. Bæjarstjórn telur, með sömu rökum og áður, mikið óheillaspor að gengið verði á skipulagsvald sveitarstjórna með þeim hætti sem umræddar breytingar á hafnarlögum nr. 61/2003 gera ráð fyrir.

Einnig þykir bæjarstjórn rétt að ítreka ábendingar sambandsins þess efnis, að í frumvarpinu verði sett skýr ákvæði um hvernig bregðast skuli við ef framkvæmdir á strandsvæðum eru hafnar í óleyfi. Í því samhengi hefur sambandið bent á 53. gr. skipulagslaga, þar sem m.a. er kveðið á um skyldu skipulagsfulltrúa til þess að stöðva framkvæmdir sem hafnar eru án leyfa og í andstöðu við skipulag.

Bæjarstjórn tekur enn fremur undir með Sambandi íslenskra sveitarfélaga að gerður verði skýr greinarmunur á strandsvæðaskipulagi, sem er skipulag innan grunnlínu landhelginnar annars vegar, og á skipulagi hafsvæða hins vegar, sem snýr að almennum hagsmunum lands og þjóðar, s.s. olíuvinnslu.

### **Nánar um málamiðlunartillöguna**

Með vísan í (1) nálægðarregluna, en hagsmunir sveitarfélaga eru a.m.k. ekki minni en hagsmunir ríkisins hvað forræði í skipulagsmálum sveitarstjórna varðar, (2) viðteknar venjur í verkaskiptingu ríkis- og sveitarfélaga, sem byggir á því að sveitarfélög gæta staðbundinna hagsmuna en ríkisvaldið almannahagsmuna, (3) sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og (4) þann hefðarrétt sem færa má gild rök fyrir að eigi við um forræði sveitarfélaga í skipulagi fjarða og flóa, leggur bæjarstjórn Fjarðabyggðar til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu vegna 5.tl. 3.gr. þess:

Við 18. gr. bætist töluliður f. sem kveður á um nýtt ákvæði til bráðabirgða þess efnis, að þrátt fyrir m.a. 3. og 5. gr. laganna verði völdum sveitarfélögum veitt tímabundin heimild til strandsvæðisskipulagsgerðar enda eigi þau verulegra efnahagslegra og samfélagslegra hagsmuna að gæta af slíkri áætlanagerð. Um fyrirkomulag og framkvæmd kveður ráðherra nánar um í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Gefi þessi tímabundna tilhögun góða raun skal ráðherra gangast fyrir breytingum á lögum sem færir skipulagssvæði sveitarfélaga út að einni sjómílu frá grunnlínu landhelginnar.



Stefnt er að því að strandsvæðaskipulag miðist við eina sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar í stefnumörkun Sambands Íslenskra sveitarfélaga fyrir 2014-2018 (liður 3.4.8). Með því móti verða flóar og firðir áfram hluti af þeirri samhverfu skipulagsheild sem vogskorið landslag myndar með byggð og atvinnulífi á hverju svæði.

Sú tilhögun er jafnframt í samræmi við nálægðarregluna, sem og þá venju sem ríkt hefur um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, að forræði staðbundinnar hagsmunavörslu sé heima í héraði en hjá ríki í þeim málum er varða almenna hagsmuni lands og þjóðar.

Sveitarfélög með strandlengju sem mynduð er að stóru leyti af fjörðum og/eða flóum, byggja mörg hver afkomu sína á hafsækinni starfsemi og eiga af þeim sökum talsvert undir í skipulagi svæða utan netlaga. Í hlutarins eðli liggur því að framkvæmd nálægðarreglunnar skiptir þessi sveitarfélög verulegu máli í samskiptum við ríkisvaldið í skipulagsmálum.

Í greinargerð með umræddu frumvarpi kemur jafnframt fram, að fyrirmynd þess hafi einkum verið sótt til skoskrar löggjafar og eru færð fyrir því gild fagleg rök. Á hinn bóginn virðist frumvarpið gjalda þess hversu ólíkar aðstæður eru í löndunum tveimur, ekki hvað síst í skipulagsmálum. Skosku lögin gera sem dæmi ráð fyrir skýrum skilum á milli hafskipulags annars vegar og svæðisbundins haf- og strandsvæðaskipulags hins vegar og taka ytri mörk þess síðarnefnda mið af tólf sjómílna lögsögu frá landgrunni. Þá eru svæðisráð mynduð með talsvert öðrum hætti en til stendur hér á landi, enda er þessari svæðisbundnu skipulagsgerð í Skotlandi ætlað að „[v]eita heimamönnum á hverju svæði meira eignahald og áhrif í svæðisbundnum málefnum.“ Aukin og skilvirkari framkvæmd á nálægðarreglunni virðist því hafa verið sjálfstætt markmið þegar *Marine Act*, skoska hafskipulagslöggjöfin var samþykkt árið 2010. (Skipulagsstofnun (2010), Um skipulag haf- og strandsvæða, Löggjöf, lykilhugtök og stjórnþæki, bls. 27).

Þá er vert að geta þess að í Skotlandi eru, eins og víðast hvar annars staðar í Evrópu, þrjú stjórnsýslustig en ekki tvö eins og tíðkast hér á landi. Breytir það verulega þeim grunni sem umrædd svæðisráð starfa á og sprettur fram af því svæðisbundna samstarfi og samráði sem fer að öllu jöfnu fram, þar á meðal í skipulagsmálum.

Hversu langsótt frumvarpið kann að virðast í samanburði við skosku fyrirmyndina er kannski skiljanlegt m.t.t. til þess að höfundar frumvarpsins hafa þurft að leita leiða til að laga ákvæði þess að talsvert öðrum veruleika hér á landi. Verulegur munur er þó á lýðræðislegum starfsgrunni skosku svæðisráðanna og tólf sjómílna skipulagssvæðum annars vegar, og hins vegar að því meirihlutavaldi sem ráðherraskipaðir fulltrúar njóta í íslensku „útgáfunni“ utan netlaga, þ.e. frá fjöruborði svo að segja. Það hlýtur því að teljast verðugt metnaðarmál hjá bæði ríki og sveitarfélögum að finna betri og vandaðri leið í svæðisskipulagi haf- og strandsvæða hér á landi.

Sú málamiðlun sem gerð er tillaga um, miðar annars vegar að því að sá réttur sem sveitarfélög hafa í raun haft í skipulagsmálum flóa og fjarða verði virtur og hins vegar að dregið verði úr þeim halla sem frumvarpið felur í sér gagnvart sveitarfélögum landsins hvað varðar nálægðarregluna, lýðræðisregluna, og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.



### Nánar um svæðisráðin

Hvað sjálf svæðisráðin snertir, tekur bæjarstjórn undir þann varhug sem frumvarpið hefur galdið í þeim efnum. Lesa má út úr frumvarpinu þann vilja löggjafans að svæðisráðum verði gert að taka tilliti til samþykktra skipulagsáætlana á stað eða svæði, sbr. 2. mgr. 10. gr. þar sem segir að gæta skuli samræmis við skipulagsáætlanir skv. skipulagslögum, þ.e. sveitarfélaga, við gerð strandsvæðaskipulags.

Þá er, eins og áður hefur verið vikið að, ekki vel ásættanlegt fyrir sveitarfélög að gæta lögvarðra réttinda sinna í ráði þar sem fjöldi fulltrúa er í engu samræmi við fjölda sveitarfélaga og ákvarðanir eru teknar á grunni meirihlutaræðis ráðherraskipaðra fulltrúa. Því er lagt til að ákvæði 5. mgr. 5. gr. verði endurskoðað með það að markmiði, að viðunandi málamiðlun verði fundin, s.s. að fjölga svæðisráðsmönnum til samræmis við fjölda sveitarfélaga á umræddu svæði og að aukinn meirihluta þurfi til að mál svæðisráða teljist samþykkt.

Að svo sögðu, vonast ég til að hitta umhverfis- og auðlindanefnd að máli og fylgja betur eftir afstöðu bæjarstjórnar um það brýna og mikilvæga mál sem skipulag haf- og strandsvæða er.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd bæjarstjórnar Fjarðabyggðar,

Páll Eijörgvin Guðmundsson,  
bæjarstjóri



**Umhverfis- og auðlindaráðuneytið**  
**Skuggasundi 1**  
**150 Reykjavík**

Málsnúmer 1612045

Umsögn Fjarðabyggðar um frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur óskað eftir umsögnum um drög að frumvarpi til laga um skipulag haf- og strandsvæða. Frestur til þess að skila inn umsögn var 9. desember sl., en Fjarðabyggð fékk viðbótarfrest til 15. desember.

Skipulagslög nr. 123/2010 taka eingöngu til skipulagsáætlana innan lögsagnarumdæma sveitarfélaga, sem afmarkast af ytri mörkum netlaga. Bæjarstjórn Fjarðabyggðar tekur undir þau sjónarmið, að brýnt sé að skipulagsskylda haf- og strandsvæða utan netlaga verði einnig bundin í lög, ekki hvað síst með hliðsjón af vaxandi umsvifum á strandsvæðum, s.s. vegna fiskeldis og efnistöku.

Jafnframt undirstrikar bæjarstjórn mikilvægi þess að skipulagslöggjöf gangi ekki á hefðbundið forræði sveitarfélaga í skipulagsmálum. Skipulagsmál eru eitt mikilvægasta stjórnæki hverjar sveitarstjórnar. Aðalskipulag endurspeglar í samspili við deiliskipulag, vilja samfélagsins og framtíðarsýn gagnvart landnotkun og framtíðarþróun. Forræði sveitarfélaga tryggir jafnframt að stjórnvaldsfyrirmæli skipulagsáætlana byggji á lýðræðislegum grunni sveitarstjórna.

Strandsvæði eru ásamt innfjörðum og flóum, hluti af skipulagsáætlunum sveitarfélaga með bæði beinum og óbeinum hætti. Séu þessi svæði slitin úr samhengi við skipulagsáætlanir sveitarfélaga, gæti það haft í för með sér vandmeðfarið óhagræði og árekstra ólíkra hagsmuna, með þeim afleiðingum að þau grundvallarmarknið skipulagslöggjöfar verða fyrir borð borin, sem stuðla að nýtingu og verndun auðlinda á sjálfbærum grunni í þágu efnahagslegrar uppbyggingar og félagslegrar velferðar.

Á meðal annarra alvarlegra annmarka má nefna að strandsvæðaskipulag afmarkast 30m landmegin við meðalstórstraumsflóð, sem þýðir að skipulagsáætlanir haf- og strandsvæða myndu skarast við aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga. Þá er ráðherraskipuðum svæðisráðum falin ábyrgð á skipulagsgerðinni og ber þeim einungis að taka tillit til skipulagsáætlana þeirra sveitarfélaga sem eiga í hlut.

Þá hlýtur að orka tvímælis, að í stað þess að byggja á núverandi lagagrunni skipulagsmála, mæla drögin fyrir nýju fyrirkomulagi, sem svo er ætlað að starfa samhliða því sem fyrir er.



Standi vilji ríkisvaldsins til þess að efla skipulagsgerð, væri mun nærtækara, að fella skipulag haf- og strandsvæða að núverandi fyrirkomulagi skipulagsmála og tryggja fjármögnun þess með skilgreindum tekjustofnum.

Síðast en ekki síst ganga tillögur frumvarpsdraganna gegn þeirri meginreglu að efla skuli staðbundið vald og ákvarðanatöku með tilliti til almannahagsmuna og skynsamrar meðferðar opinberra fjármuna. Þessi nándarregla er ein helsta ástæða þess að viðamikil verkefni á borð við grunnskólarekstur hafa verið færð frá ríki til sveitarfélaga. Enn sér ekki fyrir endann á þeirri þróun og sætir því furðu að nú skuli kveða við allt annan tón í skipulagsmálum, þrátt fyrir þá staðreynd að málaflokkurinn er á meðal mikilvægustu kjarnaverkefna sveitarfélaga.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar skorar því á Umhverfis- og auðlindaráðuneyti að endurskoða umrædd frumvarpsdrög m.t.t. þess að sveitarfélög fari með skipulagsmál á haf- og strandsvæðum með sambærilegum hætti og lagt er til í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014 til 2018, lið 3.4.8:

*Sambandið gætir hagsmuna sveitarfélaga við mótun lagafrumvarps um skipulag haf- og strandsvæða. Í þeirri vinnu verði lögð áhersla á að skipulag strandsvæða, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar, verði á forræði sveitarfélaga. Einnig verði lögð áhersla á að fram fari nauðsynlegar grunnrannsóknir á strandsvæðum þar sem álag vegna nýtingar er mikið, til að auðvelda gerð skipulags- og nýtingaráætlana.*

Fjarðabyggð 15. desember 2016

  
Páll Björgvín Guðnason  
bæjarstjóri



26.apríl 2017

**Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis**  
**Skrifstofu Alþingis**  
**b.t. Valgerður Gunnarsdóttir**  
**101 Reykjavík**

## **Bréf bæjar- og sveitarstjóra vegna frumvarps til laga um skipulag haf- og strandsvæða**

Ríkisstjórn Íslands hefur lagt fram frumvarp til laga um skipulag haf- og strandsvæða, 408. mál, þskj. 539.

Undirritaðir bæjar- og sveitarstjórar mótmæla harðlega þeirri aðför að sjálfstjórn sveitarfélaga og forræði þeirra í skipulagsmálum sem í frumvarpinu felst. Undirritaðir taka undir og leggja áherslu á þau sjónarmið að skipulagsskylda haf- og strandsvæða utan netlaga verði bundin í lög, ekki hvað síst með hliðsjón af vaxandi umsvifum á strandsvæðum, s.s. vegna fiskeldis og siglinga farþegaskipa. Sveitarfélögin verða að hafa beina aðild að skipulagi strandsvæða, enda mikið í húfi fyrir þau að vel takist til á svæðum sem varða beinlínis þeirra efnahags- og samfélagsmál.

Skipulagsmál eru eitt mikilvægasta stjórnþæki hvernar sveitarstjórnar og endurspeglar vilja samfélagsins og framtíðarsýn um landnotkun og framtíðarþróun. Forræði sveitarfélaga tryggir jafnframt að stjórnvaldsfyrirmæli skipulagsáætlana byggja á lýðræðislegum grunni sveitarstjórnarmála.

Strandsvæði, þ.m.t. innfirðir og flóar, tengjast skipulagsáætlunum sveitarfélaga með beinum og óbeinum hætti. Verði strandsvæðin slitin úr samhengi við skipulagsáætlunir sveitarfélaga, getur það haft í för með sér óhagræði og árekstra ólíkra hagsmuna, með þeim afleiðingum að fyrir borð verði borin þau grundvallarmarkmið skipulagslöggjafar sem stuðla að nýtingu og verndun auðlinda á sjálfbærum grunni í þágu efnahagslegrar uppbyggingar og félagslegrar velferðar.

Sérstaklega skal bent á það sem lagt er til í Stefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga 2014 til 2018, lið 3.4.8:

„Sambandið gætir hagsmuna sveitarfélaga við mótnun lagafrumvarps um skipulag haf- og strandsvæða. Í þeirri vinnu verði lögð áhersla á að skipulag strandsvæða, allt að einni sjómílu út frá grunnlínu landhelginnar, verði á forræði sveitarfélaga. Einnig verði lögð áhersla á að fram fari nauðsynlegar grunnrannsóknir á strandsvæðum þar sem álag vegna nýtingar er mikið, til að auðvelda gerð skipulags- og nýtingaráætlana.“

Með hliðsjón af þessari stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga er það sérstaklega ámælisvert að ekki skuli í frumvarpinu skilið á milli skipulags hafsvæða, sem vera ætti á hendi ríkisins og skipulags strandsvæða, sem vera ætti á hendi sveitarfélaga.

Það hlýtur að orka tvímælis, að í stað þess að byggja á núverandi lagagrunni skipulagsmála, mæla drögin fyrir nýju fyrirkomulagi sem síðan er ætlað að starfa samhliða því sem fyrir er. Standi vilji

ríkisvaldsins til þess að efla skipulagsgerð væri mun nærtækara að fella skipulag strandsvæða að núverandi fyrirkomulagi skipulagsmála og tryggja fjármögnun þess með skilgreindum tekjustofnum.

Frumvarpið leggur til að ráðherraskipuðum svæðisráðum verði falin ábyrgð á skipulagsgerð strandsvæða, í stað sveitarfélaganna sjálfra. Ber svæðisráðunum einungis að *taka tillit til skipulagsáætlana þeirra sveitarfélaga sem eiga í hlut. Þá er með ólíkindum að einn af ráðherraskipuðum fulltrúum eigi að hafa neitunarvald í svokölluðum svæðisráðum en sveitarfélögin ekki, þrátt fyrir að hagsmunir þeirra séu hvað mestir þegar kemur að skipulagsáætlunum strandsvæða.*

Síðast en ekki síst ganga tillögur frumvarpsdraganna gegn þeirri meginreglu að efla skuli staðbundið vald og ákvarðanatöku með tilliti til almannahagsmuna og skynsamrar meðferðar opinberra fjármuna. Þessi nándarregla er ein helsta ástæða þess að viðamikil verkefni á borð við grunnskólarekstur hafa verið færð frá ríki til sveitarfélaga. Enn sér ekki fyrir endann á þeirri þróun og sætir því furðu að nú skuli kveða við allt annan tón – og þá í skipulagsmálum, þrátt fyrir þá staðreynd að skipulagsmál eru á meðal mikilvægustu kjarnaverkefna sveitarfélaga.

Fyrir hönd undirritaðrar er **óskað eftir samtali við umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um málið og frumvarpið**, svo koma megi sjónarmiðum þeirra sveitarfélaga sem liggja að fjörðum beint á framfæri við ráðherra. Sambandi íslenskra sveitarfélaga er kunnugt um erindi þetta og er mikilvægt að fulltrúar þess verði með í slíku samtali.

Hvernig sem framlögðu frumvarpi reidir af þá er mikilvægt að þegar verði hafin vinna við nýtingaráætlanir einstakra strandsvæða, þar sem hagsmunaðilar fái að koma að borðinu. Þar þurfa sveitarfélögin að vera leiðandi afl, enda geta hagsmunir þeirra staðið og fallið með því sem gerist á fjörðunum.

26. apríl 2017,

*SIGN.*

*Páll Björgvin Guðmundsson,*  
bæjarstjóri Fjarðabyggðar

*Gísli Halldór Halldórsson,*  
bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

*Björn Ingimarsson,*  
bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs

*Friðbjörg Matthíasdóttir,*  
Bæjarstjóri Vesturbyggðar

*Gauti Jóhannesson,*  
sveitarstjóri Djúpavogshrepps

*Indriði Indriðason,*  
oddviti Tálknafjarðarhrepps

*Gunnþórunn Ingólfssdóttir,*  
oddviti Fljótsdalshrepps

*Pétur G. Markan,*  
Oddviti Súðavíkurbhrepps

*Jón Þórðarson,*  
hreppsstjóri Borgarfjarðarhrepps

*Sif Hauksdóttir,*  
verkefnastjóri sveitarstjórnarmála hjá  
Breiðdalshreppi

*Ólafur Áki Ragnarsson,*  
sveitarstjóri Vopnafjarðarhrepps

*Vilhjálmur Jónsson,*  
bæjarstjóri Seyðisfjarðarkaupstaðar